



## 2. Nám og kennsla

### Kennari býr yfir færni til að:

- 1 — Skipuleggja og undirbúa nám og kennslu í þeim tilgangi að mæta námslegum markmiðum nemenda

### Kennari býr yfir hæfni til að:

- a Setja viðeigandi námsmarkmið með nemendum og styðja við framfarir þeirra í námi.
- b Nýta gagnreyndar aðferðir við kennslu og bekkjar- eða hópstjórnun.
- c Ígrunda og aðlaga eigin kennsluaðferðir til að ná settum markmiðum.

### Kennari býr yfir færni til að:

- 4 — Leggja mat á og greina námsframvindu sem nýtist við undirbúning kennslu.

### Kennari býr yfir færni til að:

- 2 — Beita fjölbreyttum kennsluháttum í samræmi við inntak og eðli námsefnis og þarfir nemenda.

### Kennari býr yfir hæfni til að:

- a Haga kennslu í samræmi við kröfur aðalnámskráa og námsbrautarlýsinga.
- b Nýta sveigjanlega náms- og kennslu- hætti sem örva þroska og áhuga allra nemenda og mæta námslegum þörfum þeirra.
- c Beita kennsluháttum sem auka hæfni nemenda til að nota íslensku í námi, samskiptum og til virkrar þátttöku.

### Kennari býr yfir hæfni til að:

- a Notað fjölbreyttar námsmatsaðferðir sem stuðla að námi og leiða af sér raunhæft, réttmætt og áreiðanlegt mat á framvindu náms og þroska.

### Kennari býr yfir færni til að:

- 3 — Haga skipulagi og nýta tæki og gögn sem auðvelda nemendum námið og gera þeim kleift að taka þátt í skólastarfi á uppbyggilegan og öruggan hátt í samstarfi við aðra.

### Kennari býr yfir hæfni til að:

- a Skipuleggja nám og kennslu sem gerir ráð fyrir margbreytileika nemendahópsins og skapar öllum nemendum styðjandi námsumhverfi.
- b Nýta árangursríkar aðferðir sem stuðla að lýðræðislegri þátttöku allra nemenda og áhrifa á eigið nám og val í námi.
- c Nýta möguleika stafrænnar tækni í námi og kennslu.

- b Greina viðeigandi upplýsingar til að geta hagað kennslu og skólastarfi í samræmi við markmið náms.

